

Mál nr. 375/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting. Árekstur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 21. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 11. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum
3. Athugasemdir V1, dags. 3. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2025.

Málsatvik.

Hinn 25. apríl 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A sem er í eigu M sem var ökumaður og B. A var váttryggð hjá V1 og B hjá V2. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á ökumann A, þ.e. M, þar sem honum hafi borið að veita allri umferð um Lækjargötu forgang. Þá kemur m.a. fram í áliti tjónanefndar að ökumaður B, þ.e. X, segist hafa ekið eftir hægri akrein Lækjargötu eftir að hafa skipt frá vinstri akrein, er A hafi verið ekið af Vonarstræti og aftan á B. Í tjónstilkynningu frá ökumanni B til V2, dags. 18. september 2025, lýsir hann atvikum svo að hann hafi ekið B eftir Lækjargötu og hafi fært sig á hægri akreinina rétt áður en hann kom að gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis. Segist hann hafa gefið stefnuljós áður en hann skipti um akrein. Þá hafi A allt í einu komið úr Vonarstrætinu og keyrt aftan á B. Segist X hafa ekið hægt enda hafi hann verið með afa sinn og ömmu í bílnum. M fellir sig ekki við framangreinda niðurstöðu, enda telur hann forsendur álits tjónanefndar rangar. Byggir M m.a. á því að áreksturinn hafi orðið á öðrum stað en tjónanefndin lagði til grundvallar.

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Hins vegar skilaði M inn einhliða tilkynningu til V1, dags. 28. apríl 2025. Þar er atvikum m.a. lýst svo að M hafi verið að koma úr Vonarstræti og ekið suður Fríkirkjuveg. Á móts við Miðbæjarskólann hafi B ekið fram úr A og M hafi þá orðið var við að högg hafi komið á A. Í tjónstilkynningu, dags. 15. september 2025, sem V1 barst frá M, er atvikum þannig lýst að B hafi verið ekið of nálægt fram úr A með þeim afleiðingum að afturendi B hafi rekist í frambretti A. Í skjali sem fylgdi með þeirri tilkynningu er m.a. að finna eftirfarandi atvikalýsingu: „Ég ók Lækjargötuna meðfram Iðnaðarmannahúsinu (Safnaðarheimili Dómkirkjunnar). Ók yfir gangbrautina móts við Bókhöldustíg og suður Fríkirkjuveg á hægri akrein. Þegar ég var kominn á móts við Kvennaskólann (þetta á væntanlega að vera Miðbæjaskólann) ók [B] fram úr mér vinstra megin og þegar hún nálgadist umferðarmerki á miðri götunni snarbeygði hún síðan fyrir framan mig og rakst utan í mína bifreið. Ég tel að bílstjóri á bíl [B] hafi allt í einu tekið eftir að ef hann héldi áfram þá myndi hann keyra niður umferðarmerkið sem er á miðri götunni og því tekið ákvörðun um að snarbeygja fyrir framan minn bíl...Ég furðaði mig á því að hann skyldi ekki stoppa strax og leggja bílnum til hliðar en þá hefði hann orðið að leggja við gangbrautina sem er yfir Fríkirkjuveginn á móts við Skálholtsstíg.“ Í málskoti er síðan m.a. tekið fram að hugsanlega geti hafa verið um tvo aðskilda árekstra að ræða. Þannig kunni fyrri áreksturinn að hafa orðið á gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu. M tekur þó fram að hann hafi ekki orðið var við neinn árekstur á þeim stað. Þegar hann hafi komið að gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu hafi hann litið eftir umferðinni og ekki orðið var við neina umferð á hægri akrein til suðurs. Því hafi hann talið öruggt að beygja til hægri og suður Fríkirkjuveg. M bendir einnig á, máli sínu til stuðnings, að engin ummerki séu á A sem bent gætu til þess að honum hafi verið ekið aftan á annan bíll. Síðan tekur M fram í málskoti að seinni áreksturinn hafi orðið á móts við Fríkirkjuna eða á gatnamótum Fríkirkjuvegar og Skálholtsstígs þegar B hafi skyndilega verið beygt fyrir A fyrir framan Fríkirkjuna. Síðan segir m.a. í málskotinu: „Það er mitt alit að þegar bílstjóri B var að taka fram úr mínum bíl hafi hann skyndilega tekið eftir umferðarskilti sem er við gangbrautina yfir Fríkirkjuveginn á móts við Fríkirkjuna sem skiptir akbrautinni í tvennt og hafi viljað forðast að keyra á umferðarskiltið og því sveigt fyrir framan mig.“ Tekur M fram að hann telji það háttalag ökumanns B að ætla fram úr A fyrir framan gangstétt vera skýrt brot á umferðarlögum.

Í athugasemdum V2, dags. 11. nóvember 2025, eru færð fyrir því rök að leggja beri alla sök á ökumann A, þ.e. M. Auk þess að rekja málavaxtalýsingar eins og þær birtast í gögnum málsins, vísar V2 til 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, máli sínu til stuðnings. Er sérstaklega bent á að 2. mgr. þeirrar greinar segi meðal annars að þegar ekið er inn á veg skuli ökumaður veita umferð ökutækja á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Á gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu sé umferðarmerki sem sýni biðskyldu á þann sem hyggst aka frá Vonarstræti og inn á Lækjargötu. Þá bendir V2 á að það komi fram í framburði beggja ökumanna að ökumaður A var að aka frá Vonarstræti og inn á Lækjargötu. Honum hafi því borið að veita allri umferð um Lækjargötu forgang áður en hann ók af stað inn á gatnamótin. Telur V2 að það hafi hann ekki gert.

Í athugasemdum V1, dags. 3. desember 2025, eru færð ítarleg rök fyrir þeirri niðurstöðu aðallega að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum en til vara að skipta eigi sök jafnt milli ökumanna með þeim rökum að ósannað sé um stöðu ökutækja í aðdraganda árekstursins. Þá kemur einnig m.a. fram í athugasemdunum að M telji að tveir árekstrar hafi átt sér stað. Til viðbótar tekur V1 fram að það telji að akreinskípting B á miðjum gatnamótum, eins og bílstjóri þess hafi lýst, sé óvarleg og stangist á við almennar umferðarreglur um akstur á gatnamótum. Slík háttsemi skapi ófyrirséða hættu og óþægindi fyrir aðra vegfarendur, sérstaklega þá sem koma af hliðargötu og geta ekki gert ráð fyrir skyndilegri akreinskíptingu á gatnamótum. Samkvæmt 1 mgr. 19. laga nr. 77/2019 sé óheimilt að skipta um akrein við eða á vegamótum en V1 byggir á að ökumaður B hafi gert það í aðdraganda árekstursins.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 8. desember 2025, eru fyrri rök og mótrök ítrekuð. Þá nefnir M aftur að um tvo árekstra hafi verið að ræða þó hann taki eftir sem áður fram að hann hafi ekki orðið var við fyrri áreksturinn og því ekki sent inn tjónaskýrslu vegna hans. Þá tekur M m.a. fram að hann hafi reynt að fá V1 til að tilkynna seinni áreksturinn sem sjálfstætt tjón til Tjónanefndarinnar.

Álit.

Aðila greinir í grundvallaratriðum á um hvort um hafi verið að ræða einn eða tvo árekstra í umrætt sinn og hvar áreksturinn/árekstrarnir hafi nákvæmlega átt sér stað. Á meðan gögn þau sem stafa frá ökumanni B benda til þess að um einn árekstur hafi verið að ræða, þ.e. á gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu opnar málalíbúnaður M á að það kunni að hafa verið um að ræða tvo árekstra, þó hann taki jafnframt fram að hann hafi ekki orðið var við þann fyrri á framangreindum gatnamótum. Nefndin tekur undir það að gögn málsins eru langt frá því að vera skýr um framangreint ágreiningsefni. Þrátt fyrir það virðast báðir aðilar gera ráð fyrir því að árekstur kunni að hafa orðið á gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu. Af hálfu ökumanns B og V2, virðist hins vegar vera á því byggt að hinn meinti seinni árekstur sé ósannaður. Þó svo að M taki vissulega fram að hann hafi ekki orðið var við fyrri áreksturinn telur nefndin að sýnilegt tjón á A og B geti komið heim og saman við fyrirbyggjandi lýsingu á þeim árekstri í gögnum málsins. Eins og málið liggur fyrir telur nefndin því einungis forsendur til þess að byggja á því að einn árekstur teljist sannaður og að hann hafi orðið á gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu. Þá bendir nefndin á að lýsingar M á aðdraganda hins meinta seinni áreksturs, sem eru nokkrar í gögnum málsins, eru ekki nákvæmlega eins, ekki síst hvað varðar það hvar nákvæmlega áreksturinn á að hafa orðið.

Nefndin leggur einnig til grundvallar að atvik hafi verið þau að ökumaður B hafi skömmu áður en hann kom að umræddum gatnamótum skipt af hægri akrein yfir á þá vinstri. Ökumaður A hafi hins vegar ekið frá Vonarstræti inn á Lækjargötu með þeim afleiðingum að A lenti aftan á B og olli hinu umþrætta tjóni. Það er því niðurstaða nefndarinnar að ökumaður A, þ.e. M, beri alla sök í málinu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, þar sem hann virti ekki biðskyldu. Í framangreindu ákvæði segir: „Þegar ekið er inn á veg eða yfir veg skal ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.“

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri 25. apríl 2025.

Reykjavík, 20. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir